

Fundargerð 2. fundar stjórnar Sprotasjóðs 2012-2013

Fjarfundur var haldinn 6. mars 2012. Mætt voru í hús Menntavísindasviðs: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Guðni Olgeirsson, Björg Bjarnadóttir, Svandís Ingimundardóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. Sigrún Vésteinsdóttur, umsýsluaðili Sprotasjóðs var á Akureyri

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 13:00. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1) Umsóknartímabil og nýtt rafrænt umsóknarkerfi kynnt:

Umsýsluaðili kynnti fyrir stjórn sjóðsins hvernig nýafstaðið umsóknarferli Sprotasjóðs hafði gengið fyrir sig og hvernig nýtt umsóknarkerfi sjóðsins hefði virkað. Heilt yfir gekk umsóknarferlið ágætlega og hafa aldrei fleiri umsóknir borist sjóðnum eða um 190 talsins frá leik-grunn og framhaldsskólastigum.

Þetta er nú í fyrsta sinn sem umsýsluaðili hefur umsjón með umsóknarkerfi sjóðsins og fylgir því mikil hagræðing og er það von umsýsluaðila að þannig sé hægt að bæta þjónustu við umsækjendur.

Umsýsluaðili fór því næst yfir umsóknarkerfið og hvernig stjórnarmenn geta notað það við yfirferð umsókna. Umsýsluaðili mun setja upp í kerfinu ákveðna punkta sem stjórnarmenn hafa til hliðsjónar við mat á umsóknum. Þetta eru meðal annars þau atriði sem nefnd eru þegar Sprotasjóður auglýsir eftir umsóknum. Stjórn sjóðsins mun horfa til eftirfarandi atriða við yfirferð umsókna:

- Áherslusvið
- Markmið (eru þau nægilega skýrt sett fram)
- Verkefnisstjóri
- Raunhæfar, kostnaðar, verk- og tímaáætlanir
- Samstarfsaðilar (skoðað verður hversu viðtækt samstarf verkefnið felur í sér, ef það á við)
- Sproti (felur verkefnið í sér nýjungar í skólastarfi)

2) Yfirferð stjórnar

Stjórnin skipulagði næstu fundi en gert er ráð fyrir að yfirferð umsókna klárast fljótlega eftir páska. Drög að skipulagi stjórnar við yfirferð umsókna:

15. mars. kl. 10:00-13:30-í húsi Sambandsins

19. mars.kl.8:30-11:30-í Stakkahlíð

22. mars.kl.13:00-16:00-í ráðuneyti

29. mars. kl.14:00-17:00-í KÍ-húsi

11. apríl. kl.13:30-17:30-í ráðuneyti

3) Önnur mál

Ekki voru önnur mál til umræðu á fundinum og var honum slitið kl 14:30.